



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 20. febrúar 2024

Efni: Umsögn lögreglustjórans á Suðurnesjum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.), 691. mál á 154. löggjafarþingi.

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.).

Lögreglustjóri hefur kynnt sér framkomið frumvarp og athugasemdir sem gerðar voru við frumvarpið er það var lagt fyrir 154. löggjafarþing, 691. mál.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ítrekar og tekur undir athugasemdir sem fram koma í umsögn embættis ríkissaksóknara, dags. 20. nóvember 2023. Sérstaklega er tekið undir og ítrekaðar þær athugasemdir sem fram koma í kafla nr. 3.4 Birting ákæruskjals og annarra gagna sem birta skal með sama hætti í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum leggur einnig áherslu á að haft verði fullt samráð við lögreglu og ákærvaldið ef við meðferð frumvarpsins á Alþingi komi til skoðunar breytingar á þeim ákvæðum er snúa að heimildum lögreglu og ákærvalds í framkomnu frumvarpi.

Að mati lögreglustjórans á Suðurnesjum er framkomið frumvarp á heildina litið mikið framfara skref í átt að skilvirkni og hagkvæmni.

Hjálagt fylgir umsögn embættis Ríkissaksóknara, dags. 20. nóvember 2023.

Fyrir hönd lögreglustjórans á Suðurnesjum,

Ásmundur Jónsson, aðstoðarsaksóknari

RÍKISSAKSÓKNARI

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2023
Tilvísun: 202311-0967

Efni: Umsögn embættis ríkissaksóknara um mál nr. 218/2023 - „Breytingar á réttarfarslöggjöf (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi)“

Dómsmálaráðherra hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi), mál nr. 218/2023.

Ríkissaksóknari er að meginstefnu til sammála þeim breytingum á lögum um meðferð sakamála sem lagðar eru til. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

3.3. Varanleg heimild til að mæta fyrir dóm sem og gefa skýrslu fyrir dómi og hjá lögreglu í gegnum fjarfundabúnað.

Í frumvarpi þessu er lagt til að bráðabirgðaheimild, sem tók gildi þann 9. maí 2020 og heimilaði lögreglu og dómstólum að beita fjarfundabúnaði í auknum mæli við rannsókn sakamála og meðferð fyrir dómi, verði fest í sessi m.a. með breytingu á ákvæði 113. gr. og 116. gr. laganna. Þessu tekur ríkissaksóknari fagnandi enda hefur þetta reynst afar vel.

Í frumvarpinu eru raktar leiðbeiningar Evrópuráðsins frá 2021 um notkun fjarfundabúnaðar við meðferð mála fyrir dómi og leiðir til að tryggja réttindi málsaðila. Þar er m.a. tekið fram að staðreyna beri auðkenni þeirra sem þátt taka í þinghaldi í gegnum fjarfundabúnað án þess þó að það sé gert á of þyngjandi hátt. Þá kemur einnig fram að leitast skuli við að tryggja að vitni eða sérfræðingur verði ekki fyrir óeðlilegum þrýstingi eða áhrifum við skýrslugjöf í gegnum fjarfundabúnað. Ríkissaksóknari telur ástæðu til að vikið verði sérstaklega að þessum atriðum í lögnum. Þar að auki telur ríkissaksóknari vert að kveða nánar á um tilhögun skýrslutöku í gegnum fjarfund, s.s. að skýrslugjafi sé í einrúmi og við aðstæður sem hæfa. Þá ber að hafa í huga alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins þegar kemur að skýrslutöku af aðila eða vitni í gegnum fjarfundabúnað ef viðkomandi er staddur í öðru ríki.

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sakborningi verði ekki gert, gegn vilja sínum, að taka þátt í þinghaldi í gegnum fjarfundabúnað nema ríkar ástæður séu fyrir hendi. Ríkissaksóknari gerir athugasemd við að ekki sé gerður greinarmunur á því um hvers konar þinghöld er að ræða. Þegar um er að ræða upphaflega kröfu um þvingunarráðstöfun, s.s.

farbann eða gæsluvarðhald, þingfestingu og aðalmeðferð er mikilvægt að tryggja rétt sakbornings að þessu leyti. Á hinn bóginn þegar um er að ræða annars konar þinghöld, s.s. millipinghöld og fyrirtökur vegna framlengingar á gæsluvarðhaldi eða farbanni, telur ríkissaksóknari að réttur sakbornings sé nægilega tryggður með því að vera viðstaddur þinghald í gegnum fjarfund.

3.4. Birting ákæruskjals og annarra gagna sem birta skal með sams konar hætti í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Í lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda nr. 105/2021 er kveðið á um það í 7. gr. að þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda. Í frumvarpi þessu er hins vegar gerð sú krafa um ákæruskjal og önnur gögn sem birta skal með sams konar hætti að gagn teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt og viðkomandi hafi skráð sig inn í pósthólfið eftir það, þ.e. „leið b“, sbr. umfjöllun í greinargerð.

Ríkissaksóknari gerir athugasemdir við þessar auknu kröfur og þær kvaðir sem settar eru á ákærandann að fylgjast með hvort viðkomandi hafi skráð sig inn í stafræna pósthólfið sitt. Telur ríkissaksóknari vandséð að þessar auknu kröfur þjóni réttindum borgarans frekar en að miða réttaráhrif birtingar við það þegar skjal er aðgengilegt í stafrænu pósthólfi. Þá telur ríkissaksóknari að þessi leið geti orðið erfið í framkvæmd og jafnvel tæknilega ómögulegt að fylgjast með þessu. Ríkissaksóknari hefur uppi efasemdir um að birting ákæru með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum 105/2021 (leið a) muni valda auknu álagi á dómstóla vegna beiðna um endurupptöku. Hverjum og einum verður auk þess í lófa lagið að láta hjá líða að skrá sig inn í stafrænt pósthólf þegar „hnipp“ kemur um að þeirra bíði skjal frá dómstólum eða ákæruvaldi og geti þannig komst hjá birtingu. Þannig er vandséð að meiri ávinningur verði af þeirri leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en „leið c“ sem fjallað er um í greinargerð.

Telur ríkissaksóknari að birting í stafrænu pósthólfi sé mun tryggari og vænlegri kostur fyrir viðtakanda heldur en þær birtingaleiðir sem löggin gera nú þegar ráð fyrir í því sambandi eigi ekki að skipta máli varðandi tímamark birtingar hvort viðkomandi hafi skráð sig inn í stafrænt pósthólf eftir að skjal var gert aðgengilegt eða ekki. Telur ríkissaksóknari auk þess mikilvægt að gætt sé samræmis við lög nr. 105/2021 þannig að réttaráhrif birtingar miðist í öllum tilvikum við það tímamark þegar skjal telst aðgengilegt.

Loks telur ríkissaksóknari rétt heimila einnig birtingu áfrýjunarstefnu í stafrænu pósthólfi líkt og ákæru, en í 40. gr. frumvarpsins er ekki gerð sú breyting á 201. gr. laga um meðferð sakamála að birting áfrýjunarstefnu í rafrænu pósthólfi teljist fullnægjandi birtingarháttur.


Dröfn Kærnested
aðstoðarsaksóknari


Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir
saksóknari